Skjalasafn
Faxaflóahafna sf.
8 JAN. 2021
Mótt.:
Bréfalykill:

HVALFJARÐAR
SVEIT

Faxaflóahafnir sf
Berist til stjórnar
Tryggvagata 17
101 Reykjavík

16.12.2020

**Efni: Merking sögu og merkisstaða í Hvalfjarðarsveit – staða verkefnisins**

Menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveit þakkar fyrir stuðning Faxaflóahafna við verkefnið merking sögu og merkisstaða í Hvalfjarðarsveit um leið og nefndin vil upplýsa um framgang verkefnisins.

Nú hefur verið lokið við fyrsta skilti og það sett niður við Hallgrímskirkju í Saurbæ. Vinna við skilti númer tvö er á lokametrunum en það skilti verður sett niður við Miðgarð öðru hvoru megin við áramót. Vinna við þriðja skiltið er að hefjast en það skilti verður sett niður við Leirá.

Sökum ástandsins í þjóðfélaginu vegna Covid- 19 gekk strandlengjusamstarf ekki eins vel og vonir stóðu til sem varð til þess að seinka vinnu við skiltin þar sem beðið var eftir sameiginlegri niðurstöðu hópsins varðandi útlit skilta. Það var því ánægjulegt þegar loksins var hægt að hefjast handa í lok september sl.

Kostnaðurinn við verkefnið

| | | |
|---|---|---|
| Textagerð | Skjal | 25.800 |
| Hönnun skilta | Hvíta húsið | 848.119 |
| Smíði á uppistöðum | Steðji | 850.000 |
| Prentun á plötu | Topp útlit | 60.000 |
| Uppsetning skilta | Miðfellsbúið | 142.008 |
| Textagerð | Katrín Lilja Jónsdóttir | 170.000 |
| Eigin vinna og utanumhald | Aðstandendur verkefnisins | 800.000 |
| | *Samtals kostnaður án vsk.* | 2.895.927 |

Virðingarfyllst

Ása Líndal Hinriksdóttir
frístunda- og menningarfulltrúi Hvalfjarðarsveitar

Innrimelur 3
Hvalfjarðarsveit
301 Akranes

Sími 433 8500
www.hvalfjardarsveit.is
hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

# Hallgrímskirkja í Saurbæ

HVALFJARÐAR SVEIT





## Hallgrímskirkja í Saurbæ

Hallgrímskirkja var reist af íslensku þjóðinni til minningar um séra Hallgrím Pétursson, prest og sálmaskáld, sem sat í Saurbæ á síðari hluta 17. aldar. Kirkjan var vígð 28. júlí 1957 en arkitektar hennar eru Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson. Altaristaflan er freska eftir finnska listamanninn Lennart Segerstråle. Á altari kirkjunnar er róðukross, talinn vera síðan um 1500, sem hefur að líkindum verið í kirkjunni sem sr. Hallgrímur þjónaði. Gluggar kirkjunnar eru steindir myndgluggar eftir listakonuna Gerði Helgadóttur og er myndefni þeirra meðal annars sótt í Passíusálmana og sálminn „Um dauðans óvissan tíma" (Allt eins og blómstrið eina).

Borað var eftir heitu vatni á Hvalfjarðarströnd árið 1986. Þeir sem að verkinu stóðu voru orðnir vonlausir um árangur og ákváðu að hætta ef lengri bor kæmi ekki niður á vatn. Var heitið á kirkjuna að hún skyldi fá ókeypis heitt vatn til kyndingar ef upp kæmi vatn. Það gekk eftir og nýtur Hallgrímskirkja þessa áheits í dag.

### Hallgrímskirkja Church

The church Hallgrímskirkja was built to commemorate priest and poet Hallgrímur Pétursson, who resided at farm Saurbær during the latter part of the 17th century. The church was commissioned by the Icelandic nation and was consecrated on July 28th, 1957. Its architects were Sigurður Guðmundsson and Eiríkur Einarsson. The altarpiece is a fresco by a Finnish artist Lennart Segerstråle. The crucifix on the altar dates back to about 1500 and was most likely a fixture at the church where Hallgímur served. The stoned glass windows are by artist Gerður Helgadóttir, inspired by her interpretation of Hallgrímur's Hymns of the Passion and other renowned works.

When drilling for a hot water source in Hvalfjarðarströnd in 1986, the contractors were losing hope and about to give up. They vowed to supply the church with free water for heating if their search was successful. They found their water, and Hallgrímskirkja benefits from their vow to this day.

## Hallgrímur Pétursson (1614–1674)

Hallgrímur Pétursson er eitt af höfuðskáldum Íslendinga. Í hugum flestra er hann trúarskáld en hann orti einnig veraldlegan kveðskap sem lifir með þjóðinni. Hallgrímur nam guðfræði í Kaupmannahöfn og var fenginn til að kenna Íslendingum sem höfðu verið leystir úr ánauð í Alsír. Urðu það fyrstu kynni Hallgríms og Guðríðar Símonardóttur sem síðar varð eiginkona hans. Í Kaupmannahöfn varð Hallgrímur fyrir áhrifum af stefnu og straumum í bókmenntum og listum 17. aldarinnar í Evrópu. Reynsla Hallgríms af erfiðleikum lífsins ásamt óbilandi trúarvissu varð grundvöllur að kveðskap hans. Sálmar Hallgríms hafa verið lesnir og sungnir meira en nokkurs annars íslensks sálmaskálds. Merkasta verk hans eru Passíusálmarnir, fimmtíu sálmar sem mynda heildræna íhugun um píslarsögu Jesú Krists. Passíusálmarnir hafa verið gefnir oftar út á íslensku en nokkurt annað rit og verið þýddir á fjölmörg tungumál. Hallgrímur lést á Ferstiklu 1674 en hann þjáðist af holdsveiki sem var landlæg á þeim tíma.

### Hallgrímur Pétursson (1614–1674)

Hallgrímur Pétursson's works have long since been canonized in Iceland. Most consider him a religious poet, but he wrote secular works as well. Hallgrímur studied theology in Copenhagen. During his studies, he was asked to teach Icelanders who had been enslaved in Algeria. That was where Hallgrímur met his future wife, Guðríður Símonardóttir. In Copenhagen, Hallgrímur was influenced by the art and literary movements of 17th century Europe. Hallgrímur's experience with adversity and trauma – alongside his unyielding faith – was the foundation of his most beloved works. His psalms have been performed in Iceland, in song or in verse, more times than psalms by any other poet. His most notable work are his Hymns of the Passion which have been published more often than any other Icelandic work to date and translated into a host of languages. Hallgrímur passed away at Ferstikla in 1674, having suffered from leprosy – a common ailment in Iceland at the time.

## Guðríður Símonardóttir (1598–1682)

Saga Guðríðar Símonardóttur er um margt einstök. Guðríður var gift móðir í Vestmannaeyjum þegar henni var rænt af „Tyrkjum" ásamt hópi Íslendinga árið 1627. „Tyrkirnir" reyndust vera sjóræningjar frá Alsír. Guðríði var haldið í ánauð þar í tæpan áratug, eða þar til Danakonungur keypti nokkra Íslendinga lausa. Sonur Guðríðar varð eftir í Alsír. Hópurinn var sendur til Kaupmannahafnar og hlaut þar uppfræðslu hjá Hallgrími Péturssyni í kristnum fræðum og móðurmáli sínu. Hallgrímur og Guðríður sneru heim til Íslands án þess að hann lyki námi, en Guðríður var þá orðin ófrísk að fyrsta barni þeirra. Hallgrímur hlaut prestsembætti í Hvalsnesi og síðar í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd þar sem telja má að þau hafi lifað sín bestu ár. Þá höfðu þau átt erfiða ævi og búið við fátækt og fordóma, meðal annars vegna fortíðar Guðríðar sem hlaut viðurnefnið Tyrkja-Gudda. Guðríður lést í Saurbæ árið 1682. Þá hafði hún misst báða eiginmenn sína og öll sín börn.

### Guðríður Símonardóttir (1598–1682)

Guðríður Símonardóttir lived a unique and remarkable life. She was a married mother living in the Westman Islands when she was abducted by "Turks" along with a group of other Icelanders in 1627. The "Turks" were in fact Algerian pirates. Guðríður was enslaved for nearly a decade, until the king of Denmark brought about the emancipation of a number of the captive Icelanders. The Icelanders were sent to Denmark where they were rehabilitated in Christian doctrine and retaught their mother-tongue. Guðríður then returned to Iceland alongside Hallgrímur, even though he had not completed his studies. She was pregnant with their first child. In time, Hallgrímur joined the clergy, serving first at Hvalsnes and later at Saurbær by Hvalfjarðarströnd, where their golden years ensued. Until then, they had lived in poverty and met prejudice, partly because of Guðríður's past – she'd come to be known as „Turkish Gudda". Guðríður passed away in Saurbær in 1682.

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports · SÓKNARÁÆTLUN · BRUNABÓT · Kirkjan